

Sigrún Kærnested Óladóttir
Faxabraut 55
Keflavík

2. apríl 2020
UST202001-079/B.J.
11.16

Leyfi til innflutnings á fésuglum

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Sigrúnar Kærnested Óladóttur um leyfi til innflutnings á fjórum fésuglum (*Ptilopsis granti*) dags. 8. janúar 2020 til að hafa til sýnis og fræðslu í sérútbúnu húsi með áföstu búi. Sótt er um leyfið í samræmi við 1. mgr. 63. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í samræmi við 3. mgr. 63. gr. náttúruverndarlaga leitaði Umhverfisstofnun umsagnar sérfræðinganefnar um framandi lífverur um umsóknina og fylgigögn þann 20. janúar 2020. Umsögn sérfræðinganefnarinnar barst Umhverfisstofnun þann 30. mars 2020 og var niðurstaða nefndarinnar sú að íslensku vistkerfi stafi ekki hætta af innflutningi fésuglna og taldi nefndin því ekki ástæði til að mæta gegn honum, enda verði öll önnur lögformleg skilyrði uppfyllt.

Niðurstaða áhættumats umsækjanda var að ólíklegt sé að fésuglur geti þrífist villtar hér á landi vegna óhagstæðs verðurfars og fábreytts fæðuframboðs. Sérfræðinganefnd um framandi lífverur er sammála því mati að áhættan af innflutningi fésuglna fyrir innlendar uglutegundir sé hverfandi. Nefndin taldi rétt að taka fram að umsækjandi sótti um að leyfi til innflutnings á þremur tegundum smáugla árið 2015. Þáverandi nefnd lagðist þá gegn innflutningi skálmuglu, en ekki gegn innflutningi á kattuglu og fésuglu. Nefndin telur ekki að aðstæður hafi breyst mikið síðan þá og sér ekki ástæðu til að hafna umsókninni nú. Niðurstaða nefndarinnar er því sú að íslensku vistkerfi stafi ekki hætta af ofangreindum innflutningi á fésuglum og telur ekki ástæðu til að mæla gegn honum, enda séu öll önnur lögformleg skilyrði uppfyllt.

Með hliðsjón af umsókninni, áhættumati og umsögn sérfræðinganefnarinnar telur Umhverfisstofnun ekki ástæðu til að ætla að innflutningurinn ógni eða hafi verulega áhrif á líffræðilega fjölbreytni.

Að framansögðu veitir Umhverfisstofnun hér með leyfi til innflutnings á fjórum fésuglum til sýnis og fræðslu. Umhverfisstofnun telur við hæfi að ítreka að innflytjandi skal í einu og öllu fylgja þeirri aðgæsluskyldu sem kveðið er á um í 65. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umsækjanda er jafnframt bent á að komi til hvers konar dreifingar á fuglunum skal fyrst leita leyfis Umhverfisstofnunar.


Ákvörðun þessi sætir kærú til úrskurðarnefnar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 91. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað sem varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Athygli er vakin á því að innflutningur tegundarinnar er jafnframt háður leyfi í samræmi við lög nr. 54/1990 um innflutning dýra.

Virðingarfyllst



Bjarni Jónasson
Sérfræðingur



Skúli Þórðarson
Sviðsstjóri